



# Greining á kynbundnum launamun í október 2020

Reykjavíkurborg

Febrúar 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

## Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Reykjavíkurborg
Markmið rannsóknar	Að skoða hvort munur sé á launum kvenna og karla sem starfa hjá Reykjavíkurborg
Dagsetning skýrsluskila	3. febrúar 2021

## Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Úrvinnsla og skýrslugerð	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Sindri Baldur Sævarsson



## Efnisyfirlit





<b>1 Helstu niðurstöður</b>	<b>2</b>
1.1 Þróun á kynbundum launamun . . . . .	4
<b>2 Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>3 Aðferð</b>	<b>6</b>
3.1 Gögn . . . . .	6
3.2 Launabreytur í greiningu . . . . .	6
3.3 Aðrar breytur í greiningu . . . . .	7
3.4 Starfsfólk — Bakgrunnsupplýsingar . . . . .	7
3.4.1 Starfaflokkun . . . . .	10
3.5 Tölfræðigreining . . . . .	13
<b>4 Niðurstöður</b>	<b>16</b>
4.1 Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli . . . . .	17
4.1.1 Uppreiknuð grunnlaun . . . . .	17
4.1.2 Uppreiknuð heildarlaun . . . . .	27
4.2 Allt starfsfólk . . . . .	37
4.2.1 Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks . . . . .	38
4.3 Greining eftir ríkisfangi . . . . .	47
4.4 Greining á starfsmatsstigum . . . . .	55
4.5 Samsetning launa . . . . .	60
4.5.1 Föst yfirvinna . . . . .	62
4.5.2 Breytileg yfirvinna . . . . .	64
<b>5 Heimildir</b>	<b>66</b>
<b>6 Viðauki</b>	<b>67</b>

## 1 Helstu niðurstöður


Tafla 1. Munur á heildarlaunum karla og kvenna

Óleiðréttur munur	3,4%	<b>Meðalmunur<sup>1</sup> á heildarlaunum</b> allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg óháð fjölda unninna tíma og öðrum skýribreytum (mynd 18).
Leiðréttur munur	-0,9%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg að teknu tilliti til kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma og fastra yfirvinnutíma (tafla 26).


Tafla 2. Munur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli án tillits til skýribreyta, og að teknu tilliti til skýribreyta

	-0,9%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli sem vinna hjá Reykjavíkurborg (sjá mynd 12).
	0,4%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli að teknu tilliti til kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og fjölda tíma í dagvinnu (sjá töflu 19).
	-1,2%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli að teknu tilliti til kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, fjölda tíma í dagvinnu og starfaflokks (sjá töflu 20).
	-1,8%	<b>Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum</b> karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli og í a.m.k. 70% starfshlutfalli að teknu tilliti til kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, fjölda tíma í dagvinnu og ÍSTARF flokkunar (sjá töflu 22).

<sup>1</sup>Hversu mörgum prósentum hærri eða lægri laun kvenna eru en karla. Minustala þýðir að konur eru lægri.




Mynd 1. Kynjahlutfall eftir starfaflokkun — allt starfsfólk



Mynd 2. Uppreiknuð meðalheildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir starfaflokkun og kyni

## 1.1 Þróun á kynbundum launamun

Dregið hefur úr kynbundnum launamun starfsfólks borgarinnar síðan mælingar á honum hófust. Mynd 3 sýnir hver kynbundinn launamunur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í 70% til 100% starfshlutfalli hjá Reykjavíkurborg var árin 1995–2009 þegar skýribreytur höfðu verið samræmdar (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2013) að viðbættum þeim launagreiningum sem hafa verið gerðar síðan og hafa byggt á sambærilegri aðferðafræði. Þessi greining er með skýribreyturnar starf (yfirklassur ÍSTARF-95), aldur, aldur í öðru veldi, starfsaldur, starfsaldur í öðru veldi, starfshlutfall, föst og breytileg yfirvinna. Mældur launamunur með þessari aðferð hefur haldið áfram að minnka og var 1,8% í október 2020 þegar síðasta könnun með þessu sniði var gerð. Þó ber að nefna að ekki er stýrt fyrir starfsaldri árið 2020 en hins vegar er stýrt fyrir aldri, menntun og fagaldri ásamt fjölda stunda í tímavinnu. Blái punkturinn sýnir að konur eru með 0,9% lægri laun en karlar árið 2020 þegar allt starfsfólk er með í greiningu óháð starfshlutfalli.



**Mynd 3. Samræmdar tölur um þróun kynbundins launamunar á heildarlaunum starfsfólks Reykjavíkurborgar árin 1995–2020<sup>2</sup>**

<sup>2</sup> Tölur eru hér samræmdar eftir því sem kostur er. Skýribreytur eru starf (yfirklassur ÍSTARF-95), aldur, aldur í öðru veldi, starfsaldur og starfsaldur í öðru veldi (bara aldur og aldur í öðru veldi árið 2001 og 2020) og vinnutími (árið 2009 nær greiningin eingöngu til þeirra sem skrá vinnutíma í Vinnustund, þ.e. 2070 af 3991 starfsmanni). Árin 1999, 2003, 2005 og 2007 er þjóðerni inni sem skýribreyta en ekki er hægt að sjá í skýrslu (Anna Borgþórsdóttir Olsen, 2008) hver kynbundinn launamunur væri án þeirrar skýribreytu. Frá og með 2015 er launaflokkahækkun vegna menntunar og fagaldurs í greiningunni.

## 2 Inngangur

Lög um innleiðingu jafnlaunavottunar voru samþykkt á Alþingi í júní 2017 en meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Eins og fram kemur í staðlinum ÍST 85:2012 er ein af forsendum þess að skipulagsheild fái vottun að hún hafi látið gera launagreiningu (Jafnlaunastaðallinn ÍST 85). Slík greining felst í kerfisbundinni úttekt á launum og kjörum starfsfólks í þeim tilgangi að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að skipulagsheildin móti sér jafnlaunastefnu, velji sér jafnlaunaviðmið, skilgreini og flokki störf og meti virði þeirra þannig að saman flokkist sömu eða jafnverðmæt störf. Aðaláherslan í staðlinum og lögunum er að greiða skuli sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

Sú launagreining sem hér er lýst er liður í undirbúningi Reykjavíkurborgar fyrir jafnlaunavottun og hefur því að meginmarkmiði að:

- greina laun starfsfólks og helstu áhrifaþætti á þau;
- bera saman laun og kjör karla og kvenna innan Reykjavíkurborgar.

Megináhersla í launagreiningunni er á að skoða launasetningu og hvort launamunur skýrist af hlutlægum og málefnalegum ástæðum, s.s. ábyrgð, menntun, starfsreynslu, eða hæfni starfsfólks en starfsmatsstig eiga að taka tillit til þessara þátta.

Í þessari skýrslu er greint frá því hver munur er á launum karla og kvenna: 1) sem vinna hjá Reykjavíkurborg; 2) sem eru í sömu eða jafnverðmætum störfum.

## 3 Aðferð

### 3.1 Gögn

Gögnin sem þessi úttekt byggir á voru fengin úr launakerfi Reykjavíkurborgar og innihalda upplýsingar um launagreiðslur alls starfsfólks sem var á launaskrá í október 2020 ásamt upplýsingum um kyn, aldur, ríkisfang, starfsheiti, starfshlutfall, vinnutíma, starfssvið, starfaflokk og ÍSTARF flokk. Einnig fengust upplýsingar um aukalaunaflokka vegna menntunar og fagaldurs. Gögnin innihalda upplýsingar um starfsmatsstig starfsfólks úr þeim stéttarfélögum sem hafa samið um slíkt.<sup>3</sup>

Launagreiðslur voru brotnar niður í grunnlaun, breytilega yfirvinnu, fasta yfirvinnu, álag og aðrar greiðslur. Alls voru 9865 starfsmenn sem fengu laun í október 2020. Af þeim voru 9028 með ákveðið starfshlutfall. Að auki voru 630 sem fengu greitt fyrir tímavinnu og/eða stundakennslu eða fasta yfirvinnu sem *önnur laun* og eru þessir einstaklingar greindir með starfsfólki í ákveðnu starfshlutfalli í sér kafla.

### 3.2 Launabreytur í greiningu

Við greiningu launa voru skoðuð grunnlaun og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og heildarlaun alls starfsfólks. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, greiðslum fyrir fasta- og breytilega yfirvinnu, greiðslum fyrir álag og öðrum greiðslum.

Yfirvinnugreiðslur geta verið fyrir fastan fjölda yfirvinnutíma eða fyrir svokallaða breytilega yfirvinnu. Greiðslur fyrir fasta yfirvinnu miða við ákveðinn fjölda tíma sem starfsmaður fær á uppgjörstímabili óháð því hvað hann vinnur marga yfirvinnutíma. Greiðslur fyrir breytilega yfirvinnu miða við þann fjölda tíma sem starfsmaður vinnur umfram dagvinnu.

Þar sem margt starfsfólk var í lágu starfshlutfalli voru grunnlaun og heildarlaun uppreiknuð. Við uppreikning á heildarlaunum voru grunnlaun uppreiknuð miðað við 100% starf og öðrum greiðslum fyrir mánuðinn síðan bætt við. Ef starfsfólk var skráð með launagreiðslur á fleiri en eitt starfsheiti, var það starfsheiti með hæstu greiðslum skilgreint sem aðalstarf og öll grunnlaun voru uppreiknuð saman á það starfsheiti.

Eins og fram hefur komið var nokkur hluti starfsfólks ekki í ákveðnu starfshlutfalli. Af þeim sökum voru heildarlaun alls starfsfólks loks uppreiknuð miðað við fjölda klukkustunda sem samsvara fullu starfi, eða 173,33 tíma. Þetta var gert til þess að laun fólks í tímavinnu og starfsfólks í lágu starfshlutfalli væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegna fullu starfi. Var þá taxti fyrir dagvinnu og stundakennslu uppreiknaður miðað við fullt starf, ásamt bókhaldslyklinum *önnur laun* sem annars er flokkuður sem föst yfirvinna. Öðrum greiðslum, svo sem annarri fastri yfirvinnu, breytilegri yfirvinnu og álagi, var þá bætt við en voru ekki uppreiknaðar.

<sup>3</sup> Það á við um eftirfarandi félög: BRÚ félag stjórnenda, Byggið, Efling, stéttarfélag, Fræðagarður, Félag iðn- og tæknigreina, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra rafvirkja, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjubjálfafélag Íslands, SBU, Sameyki, Sameyki - HM, Sjúkraliðafélag Íslands, Stéttarfélag sjúkrabjálfa, Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Stéttarfélag verkfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Tækni- og tæknifræðingafélag Íslands og Þroskabjálfafélag Íslands.



### 3.3 Aðrar breytur í greiningu

Starfsheiti hjá Reykjavíkurborg voru alls 591 talsins. Störf höfðu verið flokkuð eftir ÍSTARF 95 starf-flokkunarkerfi Hagstofu Íslands. Kerfið er sniðið eftir Alþjóðlegu starf-flokkuninni, International Standard Classification of Occupations, ISCO-88 sem Alþjóðavinnumálastofnunin gaf út árið 1990. Störf eru flokkuð eftir eðli starfsins og kröfum um kunnáttu. Í þessari greiningu var grófasta flokkun ÍSTARF 95 notuð. Það eru flokkarnir: 1) kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur, 2) sérfræðingar, 3) tæknar og sérmenntað starfsfólk, 4) skrifstofufólk, 5) fólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum, 6) bændur og fiskimenn, 7) iðnaðarfólk og sérhæft iðnverkafólk, 8) véla- og vélgæslufólk og 9) ósérhæft starfsfólk. Vegna þess hversu fáir sinna störfum í flokkum 6, 7 og 8 voru þeir sameinaðir fyrir úrvinnslu.

Til þess að leggja samræmt mat á ólík störf innan Reykjavíkurborgar með tilliti til krafna sem þau gera til starfsfólks hafa öll starfsheiti innan Reykjavíkurborgar verið metin samkvæmt starfsmatskerfinu í 17 starf-flokkum. Þessi starf-flokkun byggir á starfsmatsstigum fyrir 439 störf á bilinu 0–1000 eftir viðmiðum um þekkingu og færni, ábyrgð, álag og vinnuáætlun. Þessari starf-flokkun er hægt að skipta upp í sex yfirflokkum; æðstu stjórnendur, stjórnendur/forstöðumenn, deildarstjóra, sérfræðinga/verkefnisstjóra, sérhæft starfsfólk og almennt starfsfólk.

Störf voru flokkuð í karla- og kvennastörf. Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf.

### 3.4 Starfsfólk — Bakgrunnsupplýsingar

Konur eru fleiri meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar, 74% starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og 69% starfsfólks í tímavinnu (sjá töflu 3). Yfir helmingur starfsfólks er í fullu starfi og tæplega fjórðungur til viðbótar er í 60–99% vinnu (sjá töflu 4). Um 8% starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og 4% í tímavinnu er með erlent ríkisfang (sjá töflu 5). Aldurspiramídi á mynd 4 sýnir fjölda karla og kvenna á hverju aldursári fyrir sig. Þá má sjá að fjöldi kvenna á hverju aldursári er tiltölulega jafn. Hins vegar má sjá að nokkuð stór hluti karla er á aldrinum 20 til 33 ára eða 49%. Meðalaldur karla er 37,2 ár en meðalaldur kvenna er 41,6 ár (sjá mynd 4). Meirihluti starfsfólks vinnur á skóla- og frístundasviði eða 58% og velferðarsviði eða 29% (sjá töflu 7).

Tafla 3. Kyn

	Í ákveðnu starfshlutfalli		Í tímavinnu	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Karl	2.376	26%	256	31%
Kona	6.652	74%	581	69%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.028</b>	<b>100%</b>	<b>837</b>	<b>100%</b>

Tafla 4. Starfshlutfall


	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Minna en 30%	323	4%	59%	0		
30%–59%	1.469	16%	68%	0		
60%–79%	793	9%	75%	0		
80%–99%	1.337	15%	77%	0		
100%	5.106	57%	75%	0		
<b>Fjöldi</b>	9.028	100%		0	—	
Ekki með starfshlutfall	0			837		69%
<b>Fjöldi alls</b>	9.028			837		

Tafla 5. Ríkisfang

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Íslenskt	8.328	92%	73%	805	96%	70%
Erlent	700	8%	76%	32	4%	62%
<b>Fjöldi alls</b>	9.028	100%		837	100%	

Tafla 6. Aldur

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Yngri en 30 ára	2.352	26%	64%	564	67%	68%
30–39 ára	2.037	23%	71%	95	11%	68%
40–49 ára	1.796	20%	81%	64	8%	67%
50–59 ára	1.646	18%	81%	49	6%	78%
60 ára og eldri	1.197	13%	77%	65	8%	83%
<b>Fjöldi alls</b>	9.028	100%		837	100%	



Mynd 4. Aldursdreifing karla og kvenna

Tafla 7. Starfssvið

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Fjármála- og áhættustýringarsvið	106	1%	75%	1	0%	100%
Íþrótt- og tómstundasvið	287	3%	48%	80	10%	51%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	19	0%	95%	8	1%	50%
Menningar- og ferðamálasvið	185	2%	77%	38	5%	58%
Skóla- og frístundasvið	5.348	59%	79%	325	39%	76%
Skrifstofur Ráðhúss	71	1%	70%	1	0%	0%
Umhverfis- og skipulagssvið	414	5%	30%	7	1%	57%
Velferðarsvið	2.475	27%	74%	377	45%	70%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	123	1%	50%	0	0%	
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.028</b>	<b>100%</b>		<b>837</b>	<b>100%</b>	

Tafla 8. ÍSTARF flokkun

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Ósérhæft starfsfólk	225	2%	30%	14	2%	64%
Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	44	0%	9%	1	0%	0%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	3.789	42%	71%	623	74%	69%
Skrifstofufólk	207	2%	90%	5	1%	80%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	1.031	11%	64%	89	11%	66%
Sérfræðingar	3.070	34%	83%	102	12%	74%
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	662	7%	76%	3	0%	100%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.028</b>	<b>100%</b>		<b>837</b>	<b>100%</b>	

### 3.4.1 Starfaflokkun

Alls er 591 starfsheiti í launakerfi Reykjavíkurborgar sem flokkast í 17 starfaflokka. Innan hvers starfaflokks eru sambærileg störf flokkuð saman. Störf í einum starfaflokki eru ekki endilega hærra launuð en störf í öðrum. Þessir 17 starfaflokkar raðast því ekki fullkomlega í launaröð eða starfsmatsstigarað. Yfir helmingur starfsheita (314 af 595) eru starfsheiti sem einungis þrjú eða færri einstaklingar hafa, þar af eru 216 starfsheiti sem eiga við 216 einstaklinga. Aftur á móti eru starfsheitin oft mjög lík og virðast tilheyra eins eða svipuðu starfi og gjarnan með jafn mörg starfsmatsstig og svipaða launadreifingu. Í töflum 9 og 10 má sjá fjölda og hlutfall starfsfólks í hverjum starfaflokki og yfirstarfaflokki. Í töflum 41 til 58 í viðauka má sjá hvernig starfsheiti raðast í starfaflokka.

Á mynd 5 má sjá hvernig starfsheiti innan hvers starfaflokks dreifast á ÍSTARF flokka. Litirnir á reitunum í myndinni gefa til kynna hversu stórt hlutfall starfsheita innan hvers starfaflokks flokkast innan sama

ÍSTARFS flokks, eftir því sem liturinn er ljósari, því hærra hlutfall raðast í sama ÍSTARF flokk. Þá má sjá að litirnir eru dekkri þegar kemur að starfaflokkunum deildarstjóri III og sérhæft starfsfólk I, II og III sem gefur til kynna að starfsheiti innan þessara flokka dreifast á fleiri en einn ÍSTARF flokk.

Á mynd 6 má sjá dreifingu starfsmatsstiga innan starfaflokka. Þá má sjá að það er mikil dreifing stiga innan starfaflokkanna deildarstjóri II og deildarstjóri III, starfsmatsstig eru á bilinu 433 til 734 fyrir deildarstjóra III.

Tafla 9. Starfaflokkar


	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Æðstu stjórnendur	55	1%	62%	0	0%	
Stjórnandi/forstöðumaður	220	2%	75%	0	0%	
Deildarstjóri I	58	1%	62%	0	0%	
Deildarstjóri II	263	3%	84%	1	0%	100%
Deildarstjóri III	351	4%	92%	0	0%	
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	186	2%	88%	1	0%	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	366	4%	72%	2	0%	50%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	1.693	19%	85%	11	1%	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	1.065	12%	73%	113	14%	72%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	459	5%	74%	21	3%	90%
Sérhæft starfsfólk I	93	1%	61%	5	1%	60%
Sérhæft starfsfólk II	237	3%	66%	11	1%	82%
Sérhæft starfsfólk III	547	6%	65%	58	7%	64%
Sérhæft starfsfólk IV	269	3%	71%	43	5%	60%
Almennt starfsfólk I	1.382	15%	60%	269	32%	64%
Almennt starfsfólk II	1.696	19%	75%	286	34%	73%
Almennt starfsfólk III	88	1%	22%	16	2%	75%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.028</b>	<b>100%</b>		<b>837</b>	<b>100%</b>	

Tafla 10. Yfirstarfaflokkar

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Æðstu stjórnendur	55	1%	62%	0	0%	
Stjórnandi/forstöðumaður	220	2%	75%	0	0%	
Deildarstjóri	672	7%	86%	1	0%	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri	3.769	42%	79%	148	18%	76%
Sérhæft starfsfólk	1.146	13%	67%	117	14%	64%
Almennt starfsfólk	3.166	35%	67%	571	68%	69%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>9.028</b>	<b>100%</b>		<b>837</b>	<b>100%</b>	

Æðstu stjórnendur	0%	0%	0%	0%	0%	5,5%	94,5%
Stjórnandi forstöðumaður	0%	0%	0%	0%	0%	0,5%	99,5%
Deildarstjóri I	0%	0%	0%	0%	6,9%	17,2%	75,9%
Deildarstjóri II	0%	1,5%	0%	0,8%	0,8%	33,3%	63,6%
Deildarstjóri III	0%	0%	35,9%	0%	0,3%	50,7%	13,1%
Sérfræðingur verkefnastjóri I	0%	0%	0%	0,5%	0,5%	84,5%	14,4%
Sérfræðingur verkefnastjóri II	0%	0%	0%	0,3%	11,7%	79,3%	8,7%
Sérfræðingur verkefnastjóri III	0%	0,1%	1,2%	0%	3,1%	92,1%	3,5%
Sérfræðingur verkefnastjóri IV	0%	0%	7,6%	0,1%	20,2%	72,0%	0,1%
Sérfræðingur verkefnastjóri V	0%	0,4%	79,2%	1,0%	17,9%	1,5%	0%
Sérhæft starfsfólk I	0%	5,1%	6,1%	13,3%	43,9%	15,3%	16,3%
Sérhæft starfsfólk II	8,5%	8,5%	19,4%	17,3%	45,2%	1,2%	0%
Sérhæft starfsfólk III	0%	0%	40,7%	19,0%	40,3%	0%	0%
Sérhæft starfsfólk IV	1,9%	0%	76,9%	7,4%	13,8%	0%	0%
Almennt starfsfólk I	2,7%	0,4%	81,7%	0%	15,2%	0%	0%
Almennt starfsfólk II	3,7%	0,2%	95,9%	0,2%	0%	0%	0%
Almennt starfsfólk III	90,4%	0%	4,8%	4,8%	0%	0%	0%
	Ósérhæft starfsfólk	Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	Skrifstofufólk	Tæknar og sérmenntað starfsfólk	Sérfræðingar	Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur

Mynd 5. Dreifing ÍSTARF flokka innan starfaflokka



Mynd 6. Dreifing starfsmatsstiga innan starfaflokka

### 3.5 Tölfræðigreining

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er þýði greiningarinnar og gögnin sem greind eru hafa að geyma upplýsingar um allt þýðið. Línuleg aðhvarfsgreining, *ordinary least squares regression*, var notuð til að athuga hvort munur væri á launum karla og kvenna, þ.e. uppreiknuðum grunn- og heildarlaunum. Gerðar voru fjórar aðhvarfsgreiningar fyrir uppreiknuð grunn- og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og þrjár fyrir uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks. Einnig voru gerðar þrjár aðhvarfsgreiningar til viðbótar á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk þar sem tekið var tillit til ríkisfangs.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli:

- kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar og hækkunar launaflokks vegna fagaldurs;
- kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs og starfaflokks;

- c. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs og ÍSTARF flokkunar;
- d. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs og ÍSTARF flokkunar.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli:

- a. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og fjölda tíma í dagvinnu;
- b. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, fjölda tíma í dagvinnu og starfaflokks;
- c. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, fjölda tíma í dagvinnu og ÍSTARF flokkunar;
- d. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, fjölda tíma í dagvinnu og ÍSTARF flokkunar.

Þrátt fyrir að óvíst sé að föst yfirvinna sé að öllu leyti unnin er í þessari greiningu gert ráð fyrir að svo sé.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk:

- a. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma og fastra yfirvinnutíma;
- b. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og starfaflokks;
- c. kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og ÍSTARF flokkunar.

Í kafla þar sem laun eru skoðið eftir ríkisfangi var tekið tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningu á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk:

- a. ríkisfangs, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og starfaflokks;
- b. ríkisfangs, kyn, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og starfaflokks;
- c. kyns, ríkisfangs, samvirkni kyns og ríkisfangs, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar, hækkunar launaflokks vegna fagaldurs, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og starfaflokks.

Að auki var í sérstökum kafla greindur launamunur starfsfólks með starfsheiti sem hafa verið metin með starfsmatsstigum. Þar var gerð aðhvarfsgreining fyrir uppreiknuð grunn- og heildarlaun fólks í ákveðnu starfshlutfalli og uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks.“

Með þessu móti má greina meðaláhrif mismunandi þátta á laun. Því er hægt að sjá hver munurinn er á launum karla og kvenna sem eru jafn gömul, vinna jafnan fjölda yfirvinnustunda, eru í sama starfshlutfalli og sinna sambærilegu starfi. Í aðhvarfsgreiningu voru launatölur settar á lograkvarða. Ein af ástæðunum





fyrir þessu er að laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt. Til að reikna út hversu mikinn hlutfalls-  
mun aðhvarfsstuðullinn sýnir, að öðrum skýribreytum óbreyttum (*ceteris paribus*), er hann settur sem  
veldi af fastanum  $e$  og einn dreginn frá. Ef stuðullinn fyrir konur er, sem dæmi,  $-0,1$  þá getum við reiknað  
út að konur séu með  $e^{0,1} - 1$  eða 10,5% lægri meðallaun en karlar að gefnum skýribreytum.

## 4 Niðurstöður

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar upplýsingar um uppreiknuð meðalgrunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli, dreifingu launa eftir kyni og stöðu í skipuriti og meðallaun eftir helstu bakgrunnsbreytum; aldri, ríkisfangi, starfaflokk, sviði og starfsheiti. Þá eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreininga á launamun karla og kvenna. Næst má sjá niðurstöður greininga eftir að störf hafa verið flokkuð í karla- og kvennastörf. Loks má sjá spönn og miðgildi uppreiknaðra grunnlauna eftir starfaflokk.

Niðurstöður greininga á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eru birtar á sama hátt og greiningar uppreiknaðra grunnlauna.

Uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og tíma-vinnufólks eru greind sérstaklega. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks eru greind á sama hátt og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli. Með þessu móti er hægt að bera saman laun allra óháð því hvort starfsfólk sem sinnir störfunum sé í ákveðnu starfshlutfalli eða á tímalaunum.

Laun starfsfólks með erlent ríkisfang voru skoðuð sérstaklega. Fyrst eru birtar upplýsingar um fjölda og hlutfall starfsfólks í hverjum starfaflokki. Þá eru uppreiknuð heildarlaun starfsfólks með erlent og íslenskt ríkisfang borin saman og að lokum birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar þar sem tekið er tillit til ríkisfangs.


Í lokin er skoðuð fylgni starfsmatsstiga við grunnlaun annars vegar og uppreiknaðra heildarlauna fyrir allt starfsfólk hins vegar.

## 4.1 Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli


### 4.1.1 Uppreiknuð grunnlaun

Hér á eftir verður gerð grein fyrir uppreiknuðum grunnlaunum starfsmanna Reykjavíkurborgar í ákveðnu starfshlutfalli. Birtar eru upplýsingar um meðalgrunnlaun starfsmanna, dreifingu grunnlauna eftir kyni og starfaflokki og meðallaun eftir starfsheiti.

Meðalgrunnlaun starfsmanna í ákveðnu starfshlutfalli eru 501 þúsund krónur. Konur voru með 6,5% hærri grunnlaun en karlar þegar ekki hafði verið tekið tillit til annarra breyta (sjá mynd 7). Á mynd 8 má sjá dreifingu meðalgrunnlauna karla og kvenna í kringum miðgildi launa. Þar má sjá að miðgildi launa kvenna er 484.760 samanborið við 431.106 meðal karla. Á mynd 9 sem sýnir dreifingu grunnlauna karla og kvenna eftir starfaflokk má sjá að grunnlaun karla og kvenna dreifast tiltölulega jafnt í starfaflokkunum almennt starfsfólk, sérhæft starfsfólk og sérfræðingur/verkefnastjóri. Í starfaflokknum stjórnandi/forstöðumaður eru efri fjórðungsmörk launa kvenna hærri en karla en meðal deildarstjóra og æðstu stjórnenda eru efri fjórðungsmörk launa hærri meðal karla. Í töflu 12 má sjá að ekki er munur á launum karla og kvenna innan fjölmennustu starfsheita.




Mynd 7. Meðaltal uppreiknaðra grunnlauna<sup>4</sup>starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni



Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungaspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

Mynd 8. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna

<sup>4</sup>Grunnlaun voru uppreiknuð út frá starfshlutfalli.



Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungaspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

**Mynd 9. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna eftir starfaflokkun**

Tafla 11. Uppreiknuð grunnlaun eftir helstu bakgrunnsbreytum

	Meðalgrunnlaun uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall*
	Karl	Kona	Karl	Kona	
<b>Aldur</b>					
Yngri en 30 ára	408.558	414.554	855	1497	101%
30–39 ára	466.826	493.089	596	1441	106%
40–49 ára	545.595	538.857	338	1458	99%
50–59 ára	555.462	567.698	316	1330	102%
60 ára og eldri	548.598	558.322	271	926	102%
<b>Ríkisfang</b>					
Íslenskt	482.324	517.027	2209	6119	107%
Erlent	423.348	422.401	167	533	100%
<b>Starf flokkur</b>					
Almennt starfsfólk III	363.901	353.638	69	19	97%
Almennt starfsfólk II	375.831	377.530	417	1279	100%
Almennt starfsfólk I	406.260	406.154	554	828	100%
Sérhæft starfsfólk IV	411.018	416.890	77	192	101%
Sérhæft starfsfólk III	431.793	440.912	190	357	102%
Sérhæft starfsfólk II	467.208	479.829	80	157	103%
Sérhæft starfsfólk I	520.459	497.534	36	57	96%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	457.185	461.077	120	339	101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	515.480	519.605	287	778	101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	577.635	580.132	252	1441	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	631.691	629.772	104	262	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	687.870	681.820	22	164	99%
Deildarstjóri III	530.938	553.841	27	324	104%
Deildarstjóri II	735.829	755.851	42	221	103%
Deildarstjóri I	741.508	733.507	22	36	99%
Stjórnandi/forstöðumaður	781.367	834.554	56	164	107%
Æðstu stjórnendur	1.187.804	1.138.333	21	34	96%
<b>Svið</b>					
Fjármála- og áhættustýringarsvið	626.165	559.708	27	79	89%
Íþrótt- og tómstundasvið	446.664	433.890	148	139	97%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	-	707.483	1	18	
Menningar- og ferðamálasvið	518.806	555.826	42	143	107%
Skóla- og frístundasvið	471.289	509.434	1146	4202	108%
Skrifstofur Ráðhúss	823.274	655.110	21	50	80%
Umhverfis- og skipulagssvið	499.926	559.755	291	123	112%
Velferðarsvið	458.232	498.312	639	1836	109%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	575.185	563.440	61	62	98%

\* Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Blár litur þýðir að meðallaun karla eru hærri en kvenna, og rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærri eða jöfn launum karla. Til verndar persónuupplýsingum eru aðeins birt meðaltöl fyrir hópa með fleiri en þrjú starfsmenn. Hlutfall er birt fyrir hópa með fjóra eða fleiri af hvoru kyni.

Tafla 12. Uppreiknuð grunnlaun eftir kyni og starfsheiti (30 fjölmennustu starfsheiti)

Starfsheiti	Meðalgrunnlaun uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall*
	Karl	Kona	Karl	Kona	
Sérkennari, lt. 1	627.273	601.021	19	89	96%
Deildarstjóri, lt. B	584.119	603.599	4	91	103%
Sérfræðingur 3	600.271	590.766	20	51	98%
Teymisstjóri sértækrar búsetu	588.020	581.679	22	49	99%
Sérkennari, lt. 2	582.345	579.113	11	85	99%
Umsjónarkennari, lt. 1	562.092	569.050	53	337	101%
Umsjónarkennari, lt. 2	554.415	565.701	33	265	102%
Yfirproskapjálfi	537.573	551.372	5	81	103%
Grunnskólakennari, lt. 1	537.046	549.694	35	127	102%
Grunnskólakennari, lt. 2	534.314	540.641	66	120	101%
Stuðningsfulltrúi 3	508.688	505.639	34	56	99%
Leikskólaleiðbeinandi B	458.696	459.487	26	122	100%
Stuðningsfulltrúi m/sérhæfingu	454.597	461.589	22	46	102%
Frístundaráðgjafi	452.790	450.680	58	80	100%
Leiðbeinandi 3, lt. 1	436.481	438.784	21	52	101%
Stuðningsfulltrúi í sértæku starfi	424.254	424.088	81	91	100%
Stuðningsfulltrúi	407.213	420.128	92	148	103%
Frístundaleiðbeinandi m/ umsjón	411.540	410.845	87	95	100%
Starfsmaður búsetuþjónustu	404.229	400.382	41	91	99%
Frístundaleiðbeinandi	400.333	401.092	41	46	100%
Stuðningsfulltrúi 1	400.042	399.142	266	347	100%
Starfsmaður við umönnun	385.065	394.505	28	78	102%
Starfsmaður heimaþjónustu	384.223	390.026	7	155	102%
Sundlaugarvörður	380.830	378.379	71	54	99%
Skólaliði	377.580	379.332	28	202	100%
Leiðbeinandi 1	369.401	373.676	15	97	101%
Frístundaleiðbeinandi á frístundaheimili	371.981	371.832	97	105	100%
Aðstoðarmaður í eldhúsi	364.832	371.135	9	63	102%
Starfsmaður 2	359.575	361.834	69	338	101%
Önnur störf					
— Almennt starfsfólk	-	403.241	3	78	

\* Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Blár litur þýðir að meðallaun karla eru hærra en kvenna, og rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærra eða jöfn launum karla. Til verndar persónuupplýsingum eru aðeins birt meðaltöl fyrir hópa með fleiri en þrjá starfsmenn. Hlutfall er birt fyrir starfsheiti með fjóra eða fleiri af hvoru kyni. Hópar með færri en fjóra af öðru kyni hafa verið sameinaðir eftir ábyrgðarsviði.

Gerðar voru fjórar aðhvarfsgreiningar á uppreiknuðum grunnlaunum. Tekið var tillit til kyns, aldurs, hækkunar launaflokks vegna menntunar og hækkunar launaflokks vegna fagaldurs í þeirri fyrstu en í annarri aðhvarfsgreiningu var starfaflokki bætt við. Í þeirri þriðju var ÍSTARF flokkun sett inn í stað starfaflokks. Í þeirri síðustu náði greiningin aðeins til starfsfólks í að minnsta kosti 70% starfshlutfalli. Greiningarnar leiddu í ljós lífinn sem engan mun á grunnlaunum karla og kvenna (sjá töflur 13 til 16).

**Tafla 13. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum**

	Hlutfallsmunur	Stuðull	Staðalskekkja
Fasti		12,433***	0,019
<i>Kyn</i> <sup>1)</sup>			
Kona	0,57%	0,006	0,004
<i>Aldur</i>			
Aldur	2,62%	0,026***	0,001
Aldur <sup>2)</sup>	-0,02%	-0,000***	0,000
<i>Hækkun launaflokks vegna menntunar</i>			
Flokkar 1–2	-1,00%	-0,010	0,010
Flokkar 3–10	8,15%	0,078***	0,013
<i>Hækkun launaflokks vegna fagaldurs</i>			
Flokkar 1–2	20,24%	0,184***	0,010
Flokkar 3–5	28,61%	0,252***	0,008
Flokkar 6–8	20,24%	0,184***	0,007
Fjöldi:	9.028		
Skýrður breytileiki (leiðrétt $R^2$ ):	0,38		

\*  $p < 0,05$ ; \*\*  $p < 0,01$ ; \*\*\*  $p < 0,001$ .

Háð breyta er náttúrulegur logri uppreiknaðra grunnlauna.

<sup>1)</sup> Meðalmunur uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna er 0,6%.

Tafla 14. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum eftir starfaflokki

	Hlutfallsmunur	Stuðull	Staðalskekkja
Fasti		12,692***	0,009
<i>Kyn</i> <sup>1)</sup>			
Kona	-0,28%	-0,003	0,001
<i>Aldur</i>			
Aldur	0,35%	0,004***	0,000
Aldur <sup>2)</sup>	-0,00%	-0,000***	0,000
<i>Hækkun launaflokks vegna menntunar</i>			
Flokkar 1–2	-1,62%	-0,016***	0,003
Flokkar 3–10	3,86%	0,038***	0,004
<i>Hækkun launaflokks vegna fagaldurs</i>			
Flokkar 1–2	2,27%	0,022***	0,004
Flokkar 3–5	7,55%	0,073***	0,003
Flokkar 6–8	11,34%	0,107***	0,003
<i>Starfaflokkur</i> <sup>2)</sup>			
Almennt starfsfólk II	5,42%	0,053***	0,007
Almennt starfsfólk I	13,78%	0,129***	0,007
Sérhæft starfsfólk IV	14,78%	0,138***	0,007
Sérhæft starfsfólk III	21,27%	0,193***	0,007
Sérhæft starfsfólk II	29,37%	0,257***	0,008
Sérhæft starfsfólk I	37,31%	0,317***	0,009
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	28,36%	0,250***	0,007
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	38,15%	0,323***	0,007
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	50,69%	0,410***	0,007
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	72,47%	0,545***	0,007
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	87,04%	0,626***	0,008
Deildarstjóri III	45,56%	0,375***	0,007
Deildarstjóri II	95,89%	0,672***	0,008
Deildarstjóri I	98,12%	0,684***	0,010
Stjórnandi/forstöðumaður	113,06%	0,756***	0,008
Æðstu stjórnendur	208,85%	1,128***	0,010

Fjöldi: 9.028

Skýrður breytileiki (leiðrétt  $R^2$ ): 0,93

\*  $p < 0,05$ ; \*\*  $p < 0,01$ ; \*\*\*  $p < 0,001$ .

Háð breyta er náttúrulegur logri uppreiknaðra grunnlauna.

<sup>1)</sup> Meðalmunur uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna er -0,3%.

<sup>2)</sup> Stýrt er fyrir stöðu í starfaflokkun með tvíkostakóðun (dummy coding), samanburðarhópur er almennt starfsfólk III.



Tafla 15. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum eftir ÍSTARF flokki

	Hlutfallsmunur	Stuðull	Staðalskekka
Fasti		12,606***	0,014
<i>Kyn</i> <sup>1)</sup>			
Kona	-0,73%	-0,007**	0,003
<i>Aldur</i>			
Aldur	1,05%	0,010***	0,001
Aldur <sup>2)</sup>	-0,01%	-0,000***	0,000
<i>Hækkun launaflokks vegna menntunar</i>			
Flokkar 1–2	-1,79%	-0,018**	0,006
Flokkar 3–10	7,05%	0,068***	0,008
<i>Hækkun launaflokks vegna fagaldurs</i>			
Flokkar 1–2	1,38%	0,014*	0,006
Flokkar 3–5	5,72%	0,056***	0,005
Flokkar 6–8	5,74%	0,056***	0,005
<i>ÍSTARF flokkun</i> <sup>2)</sup>			
Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	16,55%	0,153***	0,018
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	6,59%	0,064***	0,008
Skrifstofufólk	14,80%	0,138***	0,011
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	22,00%	0,199***	0,008
Sérfræðingar	42,80%	0,356***	0,008
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	85,40%	0,617***	0,009

Fjöldi: 9.028

Skýrður breytileiki (leiðrétt  $R^2$ ): 0,77

\*  $p < 0,05$ ; \*\*  $p < 0,01$ ; \*\*\*  $p < 0,001$ .

Háð breyta er náttúrulegur logri uppreiknaðra grunnlauna.

<sup>1)</sup> Meðalmunur uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna er -0,7%.

<sup>2)</sup> Stýrt er fyrir flokkun í ÍSTARF95 með tvíkostakóðun (dummy coding), samanburðarhópur er ósérhæft starfsfólk.

**Tafla 16. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum eftir ÍSTARF flokki (aðeins starfsfólk í 70% starfshlutfalli eða meira)**

	Hlutfallsmunur	Stuðull	Staðalskekkja
Fasti		12,565***	0,019
<i>Kyn</i> <sup>1)</sup>			
Kona	-0,79%	-0,008*	0,003
<i>Aldur</i>			
Aldur	1,25%	0,012***	0,001
Aldur <sup>2)</sup>	-0,01%	-0,000***	0,000
<i>Hækkun launaflokks vegna menntunar</i>			
Flokkar 1–2	-1,77%	-0,018**	0,007
Flokkar 3–10	6,56%	0,064***	0,009
<i>Hækkun launaflokks vegna fagaldurs</i>			
Flokkar 1–2	0,86%	0,009	0,007
Flokkar 3–5	5,21%	0,051***	0,006
Flokkar 6–8	5,08%	0,050***	0,006
<i>ÍSTARF flokkun</i> <sup>2)</sup>			
Iðnaðarmenn, vélaþólk, bændur og fiskimenn	15,77%	0,146***	0,020
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	5,99%	0,058***	0,009
Skrifstofufólk	14,86%	0,139***	0,012
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	22,65%	0,204***	0,009
Sérfræðingar	42,86%	0,357***	0,009
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	84,77%	0,614***	0,010

Fjöldi: 6.927

Skýrður breytileiki (leiðrétt  $R^2$ ): 0,75


\*  $p < 0,05$ ; \*\*  $p < 0,01$ ; \*\*\*  $p < 0,001$ .

Háð breyta er náttúrulegur logri uppreiknaðra grunnlauna.

<sup>1)</sup> Meðalmunur uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna er -0,8%.


<sup>2)</sup> Stýrt er fyrir flokkun í ÍSTARF95 með tvíkostakóðun (dummy coding), samanburðarhópur er ósérhæft starfsfólk.

Á mynd 10 má sjá hvernig grunnlaun karla- og kvennastarfa dreifast. Miðgildi og meðaltal grunnlauna kvennastarfa eru heldur hærri en karlastarfa. Á mynd 11 má sjá hvernig laun starfa innan hvers starf-flokks dreifast. Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti var karlar en annars kvennastörf.



Mynd 10. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna í karla- og kvennastörfum<sup>5</sup>

<sup>5</sup>Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf.



Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf. Hvert starfsheiti er táknað með punkti en starfsheiti eru aðeins birt ef fjórir eða fleiri eru innan þess.


**Mynd 11. Starfsheiti karla- og kvennastarfa eftir starfaflokkun og uppreiknuðum grunnlaunum**

### 4.1.2 Uppreiknuð heildarlaun


Hér á eftir verður gerð grein fyrir uppreiknuðum heildarlaunum starfsmanna Reykjavíkurborgar í ákveðnu starfshlutfalli. Birtar eru upplýsingar um meðalheildarlaun starfsmanna, dreifingu heildarlauna eftir kyni og starfaflokki og meðallaun eftir starfsheiti.

Meðalheildarlaun starfsmanna í ákveðnu starfshlutfalli eru 590 þúsund krónur. Konur voru með 0,9% lægri heildarlaun en karlar þegar ekki hafði verið tekið tillit til annarra breyta (sjá mynd 12).

Á mynd 13 má sjá dreifingu meðalheildarlauna karla og kvenna í kringum miðgildi launa. Þar má sjá að heildarlaun karla og kvenna dreifast frekar jafnt. Á mynd 14 sem sýnir dreifingu heildarlauna karla og kvenna eftir starfaflokki má sjá að efri fjórðungsmörk launa karla eru heldur hærri í öllum starfaflokkum og neðri fjórðungsmörk eru heldur hærri í starfaflokknum deildarstjóri. Í töflu 17 má sjá mun á launum karla og kvenna efir bakgrunni og í töflu 18 má sjá mun innan starfsheita.




Mynd 12. Meðaltal uppreiknaðra heildarlauna<sup>6</sup> starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni



Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungaspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

Mynd 13. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna

<sup>6</sup>Grunnlaun voru uppreiknuð út frá starfshlutfalli.



Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

**Mynd 14. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna eftir starfaflokkun**

Tafla 17. Uppreiknuð heildarlaun eftir helstu bakgrunnsbreytum

	Meðalheildarlaun uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall*
	Karl	Kona	Karl	Kona	
<b>Aldur</b>					
Yngri en 30 ára	489.590	492.381	855	1497	101%
30–39 ára	581.399	574.549	596	1441	99%
40–49 ára	693.914	620.925	338	1458	89%
50–59 ára	712.214	649.763	316	1330	91%
60 ára og eldri	690.424	629.902	271	926	91%
<b>Ríkisfang</b>					
Íslenskt	599.996	598.260	2209	6119	100%
Erlent	517.548	482.265	167	533	93%
<b>Starf flokkur</b>					
Almennt starfsfólk III	505.050	431.972	69	19	86%
Almennt starfsfólk II	462.922	443.509	417	1279	96%
Almennt starfsfólk I	532.782	503.457	554	828	94%
Sérhæft starfsfólk IV	502.575	500.942	77	192	100%
Sérhæft starfsfólk III	526.267	510.149	190	357	97%
Sérhæft starfsfólk II	615.589	611.497	80	157	99%
Sérhæft starfsfólk I	735.406	640.777	36	57	87%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	498.727	500.051	120	339	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	614.739	592.917	287	778	96%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	696.984	650.748	252	1441	93%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	816.874	756.881	104	262	93%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	849.625	809.950	22	164	95%
Deildarstjóri III	598.940	607.644	27	324	101%
Deildarstjóri II	879.165	842.041	42	221	96%
Deildarstjóri I	1.021.782	976.205	22	36	96%
Stjórnandi/forstöðumaður	976.147	936.478	56	164	96%
Æðstu stjórnendur	1.359.912	1.273.218	21	34	94%
<b>Svið</b>					
Fjármála- og áhættustýringarsvið	800.877	700.813	27	79	88%
Íþrótt- og tómstundasvið	593.364	574.515	148	139	97%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	-	904.791	1	18	
Menningar- og ferðamálasvið	599.522	620.925	42	143	104%
Skóla- og frístundasvið	533.063	558.446	1146	4202	105%
Skrifstofur Ráðhúss	1.032.714	834.356	21	50	81%
Umhverfis- og skipulagssvið	673.008	704.891	291	123	105%
Velferðarsvið	625.694	630.631	639	1836	101%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	789.426	720.264	61	62	91%

